



Bæjarstjórn Garðabæjar 11. (981)/2026

Boðað er til 11. (981). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 20. ágúst 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2606029F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/6 '26.
2. 2606041F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/6 '26.
3. 2606051F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/7 '26.
4. 2607018F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/7 '26.
5. 2607026F - Fundargerð bæjarráðs frá 11/8 '26.
6. 2608012F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/8 '26.
2607298 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Borgarás 10 - Umsókn um byggingarheimild.
2608149 - Gjaldskrá fyrir frístundabíl Garðabæjar.
7. 2606037F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 24/6 '26.
8. 2606032F - Fundargerð leikskólanefndar frá 25/6 '26.
9. 2608008F - Fundargerð leikskólanefndar frá 12/8 '26.
10. 2608003F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 13/8 '26.
11. 2606034F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 24/6 '26.
12. 2607017F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 14/7 '26.
13. 2606024F - Fundargerð velferðarráðs frá 19/6 '26.
14. 2608229 - Tillaga Samfylkingar, Garðabæjarlista og Framsóknar um árlega bæjarhátíð í Garðabæ.
15. 2608230 - Tillaga Garðabæjarlista, Samfylkingar og Framsóknar um hækkun hvatapeninga og undirbúning systkinaafsláttar.

Almar Guðmundsson
bæjarstjóri

Bæjarstjórn Garðabæjar
10. (980). fundur 2026

Fimmtudaginn 18. júní 2026 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Anna Ragnheiður Möller forseti bæjarstjórnar, Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fengler bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Stella Stefánsdóttir bæjarfulltrúi, Ýmir Örn Finnbogason varabæjarfulltrúi, Jón Þór Eggertsson bæjarfulltrúi, Kjartan Atli Kjartansson bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi og Hlynur Elías Bæringsson bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Anna Ragnheiður Möller, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 4. júní 2026 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2605432 - Ráðning bæjarstjóra

Björg Fengler tók til máls.

Hlynur Bæringsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Minnihluti bæjarstjórnar, Framsókn, Samfylkingin og Garðabæjarlistinn vilja vekja athygli á starfskjörum bæjarstjóra.

Frá síðasta ráðningarsamningi árið 2022 hafa föst laun bæjarstjóra hækkað um rúmlega 500.000 kr á mánuði og heildarkostnaður sveitarfélagsins vegna launa, bifreiðastyrks og lífeyrissjóðsframlags hækkað um nærri 580 þúsund krónur á mánuði. Sú hækkun skýrist vitaskuld af því að laun bæjarstjóra eru tengd launavísitölu, fyrirkomulagi sem þorri launafólks nýtur ekki og þarf þess í stað að semja um í kjaraviðræðum.

Minnihlutinn gerir sér grein fyrir mikilvægi starfsins og þeirri ábyrgð sem því fylgir. Hins vegar teljum við eðlilegt að vekja athygli á þessum kjörum í ljósi þess að undanfarin misseri hefur verið kallað eftir auknu aðhaldi í opinberum fjármálum til að styðja við baráttuna gegn verðbólgu og til að hagræða í rekstri hins opinbera.

Minnihlutinn telur mikilvægt að sömu sjónarmið um aðhald, hófsemi og ábyrga meðferð almannaþjónu gildi einnig þegar kemur að kjörum æstu stjórnenda sveitarfélagsins. Best væri ef þeir leiddu veginn með góðu fordæmi. Eðlilegra væri að samningurinn fæli í sér reglubundið endurskoðunarákvæði í stað sjálfvirkrar vísitölutengingar launa. Slíkt hefði skapað aukið svigrúm til að meta kjörin í ljósi aðstæðna hverju sinni og samræmst betur þeim kröfum um aðhald sem gerðar eru annars staðar í opinberum rekstri."

Björg Fengler tók til máls að nýju og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins benda á að ráðningarkjör bæjarstjóra eru ákveðin af bæjarstjórn á grundvelli ábyrgðar, umfangs og eðlis starfsins.

Bæjarstjóri Garðabæjar ber ábyrgð á daglegri stjórnun sveitarfélags sem sinnir fjölbreyttri þjónustu við þúsundir íbúa, stýrir umfangsmiklum rekstri og fjárfestingum og veitir yfir hundruðum starfsmanna forystu.

Mikilvægt er að um ráðningarkjör bæjarstjóra ríki skýrleiki og gagnsæi. Sá samningur sem hér liggur fyrir uppfyllir þau markmið og byggir að öðru leyti á þeim grunni sem bæjarstjórn hefur áður samþykkt.

Sú framkvæmd hefur almennt tíðkast hjá stærri sveitarfélögum landsins að grunnlaun bæjarstjóra séu tengd launavísitölu. Slík tenging tryggir að launakjör fylgi almennt þróun á

vinnumarkaði með gagnsæjum og málefnalegum hætti í stað þess að vera háð reglulegum pólitískum ákvörðunum. Fyrirkomulagið stuðlar að fyrirsjáanleika, stöðugleika og faglegri umgjörð um ráðningarkjör æðsta stjórnanda sveitarfélagsins."

Hlynur Bæringsson tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir með 8 atkvæðum (AG,BF,MB,HBE,SS,JPE,ARM,ÝÖF) fyrirbyggjandi ráðningarsamning við Almar Guðmundsson, bæjarstjóra Garðabæjar. KAK, ÞP, HEB sátu hjá.

2. 2606006F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/6 '26.

Fundargerðin sem er 17.tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2606020F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/6'26.

Stella Stefánsdóttir ræddi 10.tl. reglur um stuðning við afreksungmenn í íþróttum í sumarstörfum hjá Garðabæ.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 4.tl. útboð á frístundaakstri 2026-2030.

Fundargerðin sem er 11.tl. er samþykkt samhljóða.

2405208 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Spilda A úr landi Grundar - Umsókn um byggingarleyfi -

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 11. júní 2026 varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir spildu A úr landi Grundar, sem gerir ráð fyrir rýmum sem tengjast veislu-og veitingaþjónustu í núverandi atvinnuhúsnæði. Ekkert deiliskipulag er í gildi á Norðurnesi. Samkvæmt aðalskipulagi er byggingin staðsett á opnu svæði. Skipulagsnefnd vísar umsókninni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal íbúum við Fálkastíg, Blikastíg, Grund, Breiðabólstöðum, Hvol, Jörfa og Seilu sem og landeigendum á Norðurnesi.

4. 2606013F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/6 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2606010F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 16/6'26.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2601508 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 8/5 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2601375 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 4/5 og 11/5 '26.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

8. 2601544 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 17/4 og 13/5 '26.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi fundargerð 17. apríl 2026, 1.tl. nýtt félag - staðan, 2.tl. fargjaldatekjur, 3.tl. gjaldskrármál og fundargerð 13. maí 2026 2.tl. nýtt félag - eignamat og

staðan.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi fundargerðirnar og fundargerð 17. apríl 2026, 1.tl. nýtt félag - staðan.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi fundargerð 17. apríl 2026, 1.tl. nýtt félag - staðan.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls að nýju og ræddi fundargerð 17. apríl 2026, 1.tl. nýtt félag - staðan.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

9. 2602076 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 2/6 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2601279 - Fundargerðir stjórnar SORPU frá 11/3'26, 18/3'26, 15/4'26, 13/5'26 og 29/5'26.

Almar Guðmundsson ræddi fundargerðirnar.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

11. 2410186 - Skuldabréfaútboð Garðabæjar

Almar Guðmundsson tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir að taka tilboði í lántöku að fjárhæð kr. 1.068.000.000 að nafnverði, með ávöxtunarkröfu upp á 3,95%. Markaðsvirði útgáfunnar nemur kr. 1.499.967.541.

Fyrir útboðið var útistandandi í skuldabréfaflokknum GARD 11 1 að nafnvirði KR. 6.233.500.000, en heildarstærð flokksins eftir útboðið verður því KR. 7.301.500.000 að nafnverði.

Framangreindar fjárhæðir eru í samræmi við samþykktar lántökuheimildir.

12. 2606317 - Reglur um stuðning við afreksungmennni í íþróttum í sumarstörfum hjá Garðabæ

Hlynur Bæringsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Eins og ævinlega styður Framsókn við breytingar til góðs fyrir íþrótt og æskulýðsstarf í landinu og fagnar þeim breytingum sem hér eru lagðar til þó best hefði verið að þær hefðu farið í gegnum ÍTG við úrvinnsluna.

Um er að ræða jákvæða þróun sem eykur stuðning við afreksunglinga í Garðabæ og auðveldar þeim að samræma þátttöku í landsliðsverkefnum og sumarstörf hjá bænum. Reglurnar tryggja að ungmenni sem sinna landsliðsæfingum vegna landsliðsverkefna þurfi ekki að verða af launum á meðan, sem er mikilvægt skref í átt að öflugra stuðningsumhverfi fyrir afreksíþróttafólk."

Kjartan Atli Kjartansson tók til máls.

Björg Fenger tók til máls.

Bæjarstjórn óskar Gunnlaugi Árna Sveinssyni, kylfingi úr GKG, til hamingju með glæsilegan

árangur og óskar honum góðs gengis á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi.

Bæjarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um reglur um stuðning við afreksungmenni í íþróttum í sumarstörfum hjá Garðabæ.

13. 2606295 - Tillaga bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er varðar breytingu á fastanefndum.

Björg Fenger tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.

14. 2606296 - Tillaga bæjarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar og Garðabæjarlista um fjölgun áheyrnarfulltrúa í nefndum

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls.

Kjartan Atli Kjartansson tók til máls.

Hlynur Bæringsson tók til máls.

Fyrirbyggjandi tillaga er felld með 8 atkvæðum (AG,BF,MB,HBE,SS,JÞE,ARM,ÝÖF) gegn 3 (KAK,HB,ÞÞ).

15. 2606408 - Tillaga bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölgun áheyrnarfulltrúa og greiðslur til áheyrnarfulltrúa

Björg Fenger tók til máls.

Hlynur Bæringsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi breytingartillögu við fyrirbyggjandi tillögu:

"Lagt er til að við endurskoðun samþykktu um stjórn Garðabæjar verði gerð sú breyting á 50.gr. um áheyrnarfulltrúa að íþrótt- og tómstundaráði verði bætt við upptalningu og nefndum þar sem áheyrnarfulltrúar sitja verði þannig fjölgað úr þremur í fjórar. Þá er jafnframt lagt til að samþykkt um laun fyrir störf í bæjarstjórn Garðabæjar, nefndum og ráðum á vegum bæjarstjórnar verði endurskoðuð af bæjarráði þannig að laun fyrir setu í fastanefndum Garðabæjar lækki um 5%."

Kjartan Atli Kjartansson tók til máls.

Almar Guðmundsson tók til máls.

Kjartan Atli Kjartansson tók til máls að nýju.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls.

Kjartan Atli Kjartansson tók til máls að nýju.

Hlynur Bæringsson tók til máls að nýju.

Björg Fenger tók til máls að nýju og lagði fram eftirfarandi breytingartillögu:

"Lagt er til að við endurskoðun samþykktu um stjórn Garðabæjar verði gerð sú breyting á 54.gr. um áheyrnarfulltrúa að íþrótt- og tómstundaráði verði bætt við upptalningu og nefndum þar sem áheyrnarfulltrúar sitja verði þannig fjölgað úr þremur í fjórar.

Þá er lagt til að bæjarstjórn vísi ákvörðun um laun fyrir störf bæjarstjórnar Garðabæjar í nefndum og ráðum á vegum bæjarstjórnar til umfjöllunar í bæjarráði".

Fyrirliggjandi breytingartillaga Hlyns Bæringssonar er felld með 8 atkvæðum (AG,BF,MB,HBE,SS,JPE,ARM,YÖF) gegn 3 (KAK,HB,ÞÞ).

Fyrirliggjandi breytingartillaga Bjargar Fenger er samþykkt samhljóða.

16. 2208694 - Samþykktir Garðabæjar - endurskoðun

Almar Guðmundsson tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vísa tillögu að breytingum á samþykktum Garðabæjar til síðari umræðu í bæjarstjórn.

17. 2606257 - Reglugerð Tónlistarskóla Garðabæjar

Almar Guðmundsson tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vísa breytingum á Reglugerð Tónlistarskóla Garðabæjar til síðari umræðu í bæjarstjórn.

18. 2606256 - Stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands

Almar Guðmundsson tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir breytingu á Stofnskrá Hönnunarsafns Íslands.

19. 2606324 - Tillaga um sumarleyfi bæjarstjórnar 2026

Með vísan til 14.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 svo og 4.mgr. 8.gr. samþykktar um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022 samþykkir bæjarstjórn að fella niður reglulega fundi í sumarleyfi bæjarstjórnar í júlí og til 20. ágúst 2026. Fyrsti fundur bæjarstjórnar eftir sumarleyfi verður boðaður með dagskrá sem send verður bjarfulltrúum 18. ágúst 2026.

Bæjarstjórn samþykkir að veita bæjarráði fullt umboð til afgreiðslu mála meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur, svo sem mælt er fyrir um í 5.mgr. 35.gr. sveitarstjórnarlaga.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 18. júní 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Anna Ragnheiður Möller, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Ýmir Örn Finnbogason, (sign)
Jón Þór Eggertsson, (sign)
Kjartan Atli Kjartansson, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 18. júní 2026 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Þomaskutler

Björg Tunga

HL

Þorbjörg Maldreiki

Alm G. Frið

Hlynur Þóringsson

Slekk Slekk

Margrét Bjarnadóttir

Yrri Ólafur Jónsson

Jón Þor Eggert

Þómas Þómas Guðmundsson

Bæjarráð Garðabæjar
22. (2217). fundur 2026

Þriðjudaginn 23. júní 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Guðmundsson, sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2606432 - Kæra Dráttarbíla Vélaleigu ehf. til Kærunefndar útboðsmála vegna útboðsins "Arnarland - Gatnagerð og veitulagnir", dags. 12. júní 2026.

Lögð fram kæra Dráttarbíla Vélaleigu ehf. til Kærunefndar útboðsmála, vegna útboðs Garðabæjar, Arnarland- gatnagerð og veitulagnir", dags. 12. júní 2026.
Bæjarráð felur Juris lögmennsstofu að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

2. 2606439 - Útboð - Eftirlit með Gatnagerð - Arnarland

Lögð fram útboðs- og verklýsing vegna eftirlits með gatnagerð - Arnarland.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

3. 2606451 - Laun fyrir setu í nefndum og ráðum á vegum Garðabæjar.

Samþykkt um laun fyrir störf í bæjarstjórn Garðabæjar, nefndum og ráðum á vegum bæjarstjórnar lögð fram.

Bæjarstjóra er falið að gera tillögur að breytingum fyrirbyggjandi samþykktu.

4. 2606452 - Fyrirspurn Garðbæjarlistans um umferðaröryggi

Umhverfissvið hefur hafið undirbúning að gerð nýrrar umferðaröryggisáætlunar Garðabæjar. Verkefnastjóri fyrir hönd Garðabæjar er Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs. Við vinnuna mun samráð haft við Vegagerðina, Samgöngustofu, Lögregluna, Strætó og skólaskrifstofu Garðabæjar. Þá skal kallað eftir ábendingum frá íbúum Garðabæjar um hvernig bæta megi umferðaröryggi í sveitarfélaginu.

Frekara fyrirkomulag við vinnu umferðaröryggisáætlunar mun lagt fyrir skipulagsnefnd, á fundi nefndarinnar þann 27. ágúst nk.

5. 2606453 - Tilnefning í samráðshóp vegna Almenningsgangna höfuðborgarsvæðisins

Bæjarráð tilnefnir Birki Guðlaugsson sem aðalmann og Björgu Fenger sem varamann í

samráðshóp vegna þjónustusamnings sveitarfélaga og ríkisins við Almenningsamgöngur
höfuðborgarsvæðisins ohf.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 23. júní 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Stella Stefánsdóttir, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Kjartan Atli Kjartansson, (sign)

Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
23. (2218). fundur 2026

Þriðjudaginn 30. júní 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Birkir Guðlaugsson varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigríður Logadóttir, lögfræðingur og persónuverndarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2606074 - Hönnun - Útboð - Vífilstaðavegur frá hringtorgi við Spítalaveg að Elliðavatnsvegi.

Lögð fram útboðs- og verklýsing vegna Hönnun - Útboð - Vífilstaðavegur frá hringtorgi við Spítalaveg að Elliðavatnsvegi.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

2. 2606658 - Kæra D.Ing-Verk ehf. til kærunefndar útboðsmála vegna útboðsins "Arnarland - Gatnagerð og veitulagnir", dags. 25.06.26.

Lögð fram kæra D.Ing-Verk ehf. til Kærunefndar útboðsmála, vegna útboðs Garðabæjar, "Arnarland- gatnagerð og veitulagnir", dags. 25. júní 2026.

Bæjarráð felur Juris lögmannsstofu að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

3. 2506446 - Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi samkomulag um þjónustu við börn með fjölþættan vanda, dags. 25.06.26.

Bæjarráð tekur undir afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og lýsir yfir þungum áhyggjum af nýrri reglugerð mennta- og barnamálaráðuneytisins sem gengur gegn samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 um ábyrgð á þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Með reglugerðinni hefur ríkið einhliða þrengt skilgreiningu á hópnum sem skilur þannig eftir ábyrgð og kostnað hjá sveitarfélögum sem á grundvelli samkomulagsins á heima hjá ríkinu.

Bæjarráð telur breytinguna óásættanlega, án fullnægjandi faglegra raka og fela í sér alvarlegan trúnaðarþrest af hálfu ríkisins gagnvart sveitarfélögum. Bæjarráð skorar á ráðuneytið að afturkalla reglugerðina og taka þá ábyrgð og skuldbindingu sem samið var um.

4. 2606626 - Tilkynningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um framboðsfrest til formanns Sambandsins og framboð til setu í stjórn Sambandsins.

Lögð fram tilkynning Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna framboðsfrests til formanns Sambandsins. Framboðsfrestur er til 15. júlí 2026 og kosning hefst 15. ágúst 2026.

5. 2606584 - Áherslur frá Landssambandi eldri borgara til nýkjörinna sveitarstjórna, dags. 23.06.26.

Lagt fram erindi Landsambands eldri borgara til nýkjörinna sveitarstjórna landsins.

Bæjarráð vísar erindinu til úrvinnslu á velferðarsviði.

6. 2605435 - Skipan varaáheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Bæjarráð samþykkir samhljóða fyrirbyggandi tillögu um tilnefningu Þorbjargar Þorvaldsdóttur í stað Hannesar Inga Geirssonar, sem varaáheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

7. 2606674 - Innritun nemenda úr Garðabæ í framhaldsskóla.

Fjallað var um stöðu innritunar nemenda úr Garðabæ í framhaldsskóla. Óvenju margir nemendur úr Garðabæ fengu úthlutað skólavist sem grundvallaðist ekki á vali á þeirra og í mörgum þessara tilvika er um að ræða skólavist á hinum enda höfuðborgarsvæðisins þar sem ferðatími yrði umtalsverður.

Bæjarráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra fræðslu- og frístundasviðs að fá nánari upplýsingar um stöðu innritunar í framhaldsskóla og ræða mögulegar úrbætur við mennta- og barnamálaráðuneyti og stjórnendur Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

Fleira ekki gert,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 30. júní 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fengler, (sign)

Birkir Guðlaugsson, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Stella Stefánsdóttir, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Kjartan Atli Kjartansson, (sign)

Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
24. (2219). fundur 2026

Þriðjudaginn 7. júlí 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Birkir Guðlaugsson varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Jón Þór Eggertsson varamaður, Guðjón Pétur Lýðsson varamaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Anna Margrét Steingrímsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs, Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri, Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri, Hildur Benediktsdóttir þjónustufulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Hulda Hauksdóttir deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2409044 - Mávanes 13 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Boga Jónssyni, kt. 040458-6389 leyfi fyrir framkvæmdum á lóðinni Mávanesi 13. Um er að ræða byggingu bátaskýlis, tæknirýmis og sólstofu ásamt framkvæmdum á lóð.

2. 2606139 - Melás 8 - Umsókn um byggingarheimild.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Davíð Árnasyni, kt. 090886-2909, leyfi til breytingar á þegar byggðu húsi. Breytingin varðar skála/viðbyggingu sem byggð var árið 1990 en þakhalla er breytt og svölum komið yfir. Þá eru einnig breytingar á skipulagi innanhúss, færsla á aðalhurð og skráning klæðningar.

3. 2602328 - Urriðaholtsstræti 5 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Landsteini ehf., kt. 620217-0180, leyfi til að byggja tvö fjölbýlishús við Urriðaholtsstræti 5-7. Í hvoru húsi eru 16 íbúðir með sameiginlegan bílakjallara.

Jón Þór Eggertsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

4. 2603421 - Vorbraut 4 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Byggingarfélagi Gylfa og Gunnars hf., kt. 681290-2309, leyfi fyrir byggingu 4. hæða fjölbýlishúss með 14 íbúðum og bílakjallara, að Vorbraut 4.

5. 2605205 - Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. UUA2605006 varðandi framkvæmdir við Borgarás 10, dags. 30.06.26.

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. UUA26050064, þar sem lagt er fyrir Garðabæja að taka fyrirbyggjandi erindi kæranda um afturköllun byggingarleyfis og beitingu þvingunarúrræða vegna framkvæmda að Borgarási 10, til afgreiðslu. Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa í samræmi við niðurstöðu úrskurðarins.

6. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 22/6 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2602305 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæðanna frá 1/7 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 7. júlí 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Birkir Guðlaugsson, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Jón Þór Eggertsson, (sign)

Guðjón Pétur Lýðsson, (sign)

Kjartan Atli Kjartansson, (sign)

Anna Margrét Steingrímsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
25. (2220). fundur 2026

Þriðjudaginn 21. júlí 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Birkir Guðlaugsson varamaður, Guðjón Pétur Lýðsson varamaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2605037 - Lambamýri 1 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Garðabæ, kt. 570169-6109, leyfi til að innrétta rými 02-0102 fyrir frístundaþjónustu fatlaðra ungmenna að Lambamýri 1.

2. 2605452 - Steinprýði 8 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Birni Sigurðssyni, kt. 110580-3209, leyfi fyrir byggingu einbýlishúss að Steinprýði 8.

3. 2606006 - Landakot - Stöðuleyfi gámur.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Kjartani Thors Hagedorn-Olsen, kt. 080998-2609, leyfi fyrir að staðsetja 20 feta gám á lóð að Landakoti. Tilgangur stöðuleyfis er tímabundin geymsla á verkfærum, byggingarefni og búslóð á lóð vegna tiltektar og almenns viðhalds á eigninni. Gámurinn verður fjarlægður að verki loknu.

4. 2607171 - Útboð - Eftirlit Vífilsstaðavegur frá hringtorgi við Spítalaveg að Elliðavatnsvegi.

Lögð fram verklýsing vegna eftirlits Vífilsstaðavegar frá hringtorgi við Spítalaveg að Elliðavatnsvegi.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

5. 2607210 - Útboð - Vetrarþjónusta gatna í Garðabæ 2026-2029.

Lögð fram verklýsing vegna vetrarþjónustu gatna í Garðabæ 2026-2029.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

6. 2607211 - Útboð - Vetrarþjónusta stofnanalóða og húsagatna í Garðabæ 2026-2029.

Lögð fram verklýsing vegna vetrarþjónustu stofnanalóða og húsagatna í Garðabæ 2026-2029.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

7. 2606439 - Opnun tilboða í verkið - Eftirlit með Gatnagerð - Arnarland.

Eftirfarandi tilboð samkvæmt tilboðsskrá bárust í útboðsverkið: "Arnarland - Umsjón og eftirlit með framkvæmdum":

1. EFLA kr. 39.120.000 (106,1%).
2. JTV ehf., kr. 35.994.500 (97,6%).
3. VSÓ Ráðgjöf ehf., kr. 35.712.000 (96,9%).
4. Hnit Artelia hf., kr. 34.521.600 (93,6%).
5. Verkfræðistofa Bjarna Viðarssonar ehf., kr. 30.863.600 (83,7%).
6. Strendingur ehf., kr. 30.565.000 (82,9%).
7. Verkís hf., kr. 30.001.180 (81,4%).
8. Verkfræðistofa Reykjavíkur, kr. 26.823.680 (72,7%)

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 36.871.400. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Verkfræðistofu Reykjavíkur, að fjárhæð kr. 26.823.680 (72,7% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

8. 2606074 - Opnun tilboða í verkið - Vífilsstaðavegur frá hringtorgi við Spítalaveg að Elliðavatnsvegi.

Eftirfarandi tilboð samkvæmt tilboðsskrá bárust í útboðsverkið: "Vífilsstaðavegur frá hringtorgi við Spítalaveg að Elliðavatnsvegi":

1. Fagurverk, kr. 545.526.000 (83,9%).
2. Dráttarbílar Vélaleiga ehf., kr. 534.673.870 (82,2%).
3. Jarðval sf., kr. 453.428.500 (69,7%).
4. PK Verk ehf., kr. 527.434.516 (81,1%).
5. Loftorka Reykjavík ehf., kr. 495.000.000 (76,1%).
6. Stjörnugarðar ehf., kr. 559.900.450 (86,1%).
7. Háfell ehf., kr. 515.222.300 (79,2%).
8. Óskatak ehf., kr. 522.733.200 (80,4%).
9. D.Ing - verk ehf., kr. 527.554.450 (81,1%).
10. Karína ehf., kr. 478.895.960 (73,6%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 650.000.000. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Jarðvals sf., að fjárhæð kr. 453.428.500 (69,7% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða

mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

9. 2604558 - Opnun tilboða í verkið - Ásgarður vallarlýsing.

Eftirfarandi tilboð samkvæmt tilboðsskrá bárust í útboðsverkið: "Ásgarður, nýr knattspyrnuvöllur: Vallarlýsing":

1. Vallarverk ehf., kr. 58.563.000 (82,42%).
2. Metatron ehf., kr. 59.653.920 (83,95%).
3. Altís ehf., kr. 68.970.000 (97,06%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 71.057.500. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Vallarverks ehf., að fjárhæð kr. 58.563.000 (82,42%).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærufndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

10. 2604441 - Samningur um þjónustumiðstöð GKG.

Lögð fram drög að þríliða samkomulagi milli Garðabæjar, Kópavogsbæjar og Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar um þjónustumiðstöð klúbbsins.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að samkomulagi og felur bærarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Garðabæjar.

11. 2603111 - Starfsreglur sérskóla í Garðabæ. Innritunar- og útskriftarreglur - Upphaf starfsemi Þorláksskóla.

Lagður fram þjónustusamningur milli Garðabæjar og Jónsvegar ehf. um sjálfstætt rekinn grunnskóla á grundvelli 43.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 og reglugerðar nr. 1150/2018. Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi þjónustusamning og felur bærarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Garðabæjar.

Lagðar fram starfsreglur Þorláksskóla sem er sérskóli fyrir nemendur í 1.-10 bekk og er ætlaður einhverfum börnum með verulegar, viðvarandi og fjölþættar stuðningsþarfir.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi starfsreglur fyrir Þorláksskóla. Afgreiðsla bæjarráðs er á grundvelli heimildar í 5.mgr. 35.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Lagðar fram reglur um innritun og útskrift nemenda úr Þorláksskóla á grundvelli 20.gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

Bæjarráð samþykkir að vísa reglum um innritun og útskrift nemenda úr Þorláksskóla til síðari umræðu og afgreiðslu í bæjarráði. Afgreiðsla bæjarráðs er á grundvelli heimildar í 5.mgr. 35.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Bæjarráð vísar málinu til frekari umfjöllunar í skólanefnd.

12. 2607033 - Bréf Umboðsmanns barna varðandi bið barna eftir frumgreiningu og

samþykktri þjónustu, dags. 02.07.26.

Lögð fram upplýsingabeiðni Umboðsmanns barna vegna biðar eftir frumgreiningu og samþykktri þjónustu.

Bæjarráð vísar erindinu til úrvinnslu á velferðarsviði og fræðslu- og frístundasviði.

13. 2607063 - Erindi innviðaráðuneytisins varðandi endurskoðun á stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, dags. 06.07.26.

Lagt fram erindi Innviðaráðuneytisins vegna vinnu við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga.

Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu á velferðarsviði, umhverfissviði, fræðslu- og frístundasviði, þjónustu- og þróunarsviði og fjármála- og stjórnsýslusviði.

14. 2602076 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 8/7 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

15. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 6/7 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

16. 2607098 - Bókun frá 630. fundi stjórnar SSH - Aðgerðaráætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030.

Erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna aðgerðaráætlunar Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030 lögð fram.

Bæjarráð vísar málinu til velferðarsviðs og velferðarráðs, fræðslu- og frístundarsviðs, skólanefndar og leikskólanefndar til umræðu og afgreiðslu.

17. 2607099 - Bókun frá 630. fundi stjórnar SSH - Samgöngusáttmálinn, sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf.

Sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna, sbr. h-lið 6.gr. Samgöngusáttmálans lögð fram. Kynningarfundur mun haldinn fyrir kjörna fulltrúa þann 14. ágúst 2026.

18. 2607195 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar Allt fyrir garðinn um veitingaleyfi í Hlöðunni Álftanesi.

Lögð fram beiðni Allt fyrir garðinn ehf. leyfi til rekstur veitingaleyfis í flokki II - G - samkomusalir, í Hlöðunni á Álftanesi.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt, að fengnu samþykki annarra umsagnaraðila.

19. 2606432 - Ákvörðun kærunefndar útboðsmála varðandi kærðu Dráttarbíla Vélaleigu ehf. vegna útboðsins "Arnarland - Gatnagerð og veitulagnir"

Lögð fram ákvörðun kærunefndar útboðsmála í máli nr. 36/2026, Dráttarbílar Vélaleiga gegn Garðabæ og Gröfu og grjóti - Invit ehf. þar sem aflétt er sjálfkrafa stöðvun samningsgerðar í útboði Garðabæjar nr. 25122 auðkennt "Arnarland - Gatnagerð og veitulagnir".

20. 2606658 - Ákvörðun kærunefndar útboðsmála varðandi kæru D.Ing-Verk ehf. vegna útboðsins "Arnarland - Gatnagerð og veitulagnir"

Lögð fram ákvörðun kærunefndar útboðsmála í máli nr. 39/2026, D.Ing-Verk ehf. gegn Garðabæ og Gröfu og grjóti - Invit ehf. þar sem aflétt er sjálfkrafa stöðvun samningsgerðar í útboði Garðabæjar nr. 25122 auðkennt "Arnarland - Gatnagerð og veitulagnir".

21. 2606704 - Sólmyrkvi 12. ágúst 2026

Egill Daði Gíslason, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda mætti á fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið og kynnti undirbúningsaðgerðir vegna almyrkva á sólu þann 12. ágúst 2026.

Bæjarráð vísar málinu til úrlausnar hjá umhverfissviði og þjónustu- og þróunarsviði.

22. 2606001 - Tillaga um kjörstaði og skipun fulltrúa í undirkjörstjórnir og hverfiskjörstjórn Álftaness við þjóðaratkvæðagreiðslu 29. ágúst 2026.

Bæjarráð samþykkir að kjörstaðir við þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram á að fara 29. ágúst 2026 verði tveir, í Álftanesskóla þar sem kjördeildir verða tvær og Íþróttahúsinu Mýrinni þar sem kjördeildir verða tíu.

Bæjarráð samþykkir að kjósa eftirfarandi fulltrúa í 12 undirkjörstjórnir vegna þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram á að fara laugardaginn 29. ágúst 2026.

Fulltrúar í undirkjörstjórnir í Álftanesskóla:

Anna Kristmundsdóttir, Asparholti 1, Elsa Rut Leifsdóttir, Asparholti 16, Guðmundur Ingi Bjarnason, Vesturtúni 42, Hjördís Jóna Gísladóttir, Hólmatúni 31, Katrín Jónína Gunnarsdóttir, Birkiholti 6, Kristín Rós Björnsdóttir, Sjávargötu 22, Marta Ottósdóttir, Asparholti 1, Rakel Einarsdóttir, Vesturtúni 5, Rúna Lís Þráinsdóttir, Sviðholtsvör 9, Sæunn Eiríksdóttir, Strandvegi 26.

Fulltrúar í undirkjörstjórnir í Íþróttahúsinu Mýrinni:

Agnes Ýr Pétursdóttir, Eskiás 1B, Anna Ingibergsdóttir, Bæjargili 65, Anna Margrét Halldórsdóttir, Kriunesi 14, Auður Atladóttir, Holtsvegi 39, Árni Gunnar Kristjánsson, Hlíðarbyggð 9, Ásta Leonhardsdóttir, Keldugötu 1, Birna Ágústdóttir, Kinnargötu 57, Birta María Sigmundsdóttir, Holtsvegi 23-25, Björn Ingi L. Jónsson, Lautargötu 4, Brynhildur Þórðardóttir, Vinastræti 12, Dagmar Íris Hafsteinsdóttir, Smáraflöt 46, Daníel Jósefsson, Kjarmóum 39, Dóra Þórisdóttir, Espilundi 10, Dröfn Ágústdóttir, Lyngmóum 7, Eiríkur Sigurðsson, Strandvegi 26, Emilía Gunnarsdóttir, Vesturtúni 29A, Erna Björk Ásbjörnsdóttir, Kjarmóum 39, Eva Júlía Birgisdóttir, Ásbúð 49, Guðmunda Inga Gunnarsdóttir, Strandvegi 10, Guðrún Valgerður Ásgeirsdóttir, Lyngás 1C, Gunnhildur Eva Arnoddsdóttir, Hagaflöt 4, Gunnsteinn Geirsson, Hagaflöt 4, Hafdís Bára Kristmundsdóttir, Asparholt 5, Halla Þórisdóttir, Vinastræti 14, Haukur Steinn Helgason, Norðurbrú 2, Haukur Þorsteinsson, Eskiási 1C, Heimir Björnsson, Bæjargili 98, Herdís Sigurbergisdóttir, Línakri 3, Hildur Benediktsdóttir, Gimli, Hildur Hrönn Styrmisdóttir, Kinnargötu 47, Íris Rut Sigurbergisdóttir, Móaföt 7, Kolbrún Sigmundsdóttir, Hofakri 3, Kristín Bjarnadóttir, Maríugata 5, Kristján Logi Jóhannsson, Heiðarlundi 9, Laufey Jökulsdóttir, Vinastræti 6, Lára Gísladóttir, Lambamáryri 3, Magnús Stephensen, Langamáryri 57, Ragnheiður Stephensen, Löngumýri 57, Rakel Guðjónsdóttir, Maríugötu 3, Skarphéðinn Jónsson, Strandvegi 10, Sóley Björk Smith, Kjarmóum 29, Stefanía Helga Ásmundsdóttir, Asparási 5, Sunna G. Sigurðardóttir, Ásbúð 49, Unnur Flygenring, Strandvegi 11, Urður Hafþórsdóttir, Þorraholti 1B, Vala Dröfn Hauksdóttir, Móaföt 37, Vala Guðný Guðnadóttir, Heiðarlundi 9, Þórhildur Reinharðsdóttir, Aratún 18, Þóroddur

Björgvinsson, Keldugötu 1, Þórunn Þórsdóttir, Maríugötu 32.

Bæjarráð samþykkir að kjósa eftirfarandi fulltrúa í hverfiskjörstjórn Álftaness vegna þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram á að fara 29. ágúst 2026:

Snædís Björnsdóttir, Lyngmóum 7, Lúðvík Hjalti Jónsson, Lindarflöt 50, Guðfinna Aradóttir, Hólmatúni 8, Þorgerður Kristinsdóttir, Vesturtúni 42.

Afgreiðsla bæjarráðs er á grundvelli heimildar í 5.mgr. 35.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 21. júlí 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Birkir Guðlaugsson, (sign)
Guðjón Pétur Lýðsson, (sign)
Kjartan Atli Kjartansson, (sign)
Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
26. (2221). fundur 2026

Þriðjudaginn 11. ágúst 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Birkir Guðlaugsson varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Anna Margrét Steingrimsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2604571 - Steinprýði 6 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sigfúsi Bjarna Sigfússyni, kt. 051268-3269, leyfi fyrir einnar hæðar einbýlishúsi með innbyggðri bílageymslu að Steinprýði 6.

2. 2505198 - Móaflöt 12 - Umsókn um byggingaráform.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita NTS ehf. kt. 500210-1330 leyfi fyrir viðbyggingu að Móaflöt 12.

3. 2601086 - Kjarrprýði 1 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa veita Finnboga Bjarnasyni, kt. 140295-2809, leyfi til að byggja tveggja hæða staðstept einbýlishús að Kjarrprýði 1.

4. 2309448 - Sunnuvellir 2 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ingibjörgu Guðrúnu Jafetsdóttur, kt. 060760-3609, leyfi til breytinga á áður samþykktu byggingarleyfi fyrir hesthús að Sunnuvöllum 2.

5. 2603466 - Urriðaholtsstræti 3 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Yrki eignum, ehf., kt. 581113-1100, leyfi fyrir byggingu 3ja hæða atvinnuhúsnæðis, ásamt bílageymslu að Urriðaholtsstræti 3.

6. 2509209 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að vita Litla Sauna Húsinu slf., kt. 700524-1080, leyfi fyrir sauna húsi við efra bílastæði við Vífilsstaðavatn til 6 mánaða.

7. 2608063 - Borgarás 10 - Endurupptaka ákvörðunar í samræmi við úrskurð ÚUA í máli nr.

129/2025.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að telja að stigi við Borgarás 10 hafi ekki verið hluti af grenndarkynningu þeirri sem fram fór á deiliskipulagstillögu í lok árs 2023 og laut að stækkun byggingarreits til vesturs fyrir sólskála á neðri hæð hússins og svölum á efri hæð. Þá hafi útgefið byggingarleyfi ekki tekið til breytinga á stiga hússins.

Byggingarfulltrúi telur þannig ekki ástæðu til að afturkalla útgefið byggingarleyfi er tekur til stækkunar byggingarreits til vesturs fyrir sólskála á neðri hæð hússins og svölum á efri hæð. Byggingarfulltrúi tekur ekki afstöðu til þvingunarúrræða í afgreiðslu sinni.

8. 2603111 - Starfsreglur sérskóla í Garðabæ. Innritunar- og útskriftarreglur - Upphaf starfsemi Þorláksskóla.

Lagður fram uppfærður þjónustusamningur milli Garðabæjar og Jónsvegar ehf. um sjálfstætt rekinn grunnskóla á grundvelli 43.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 og reglugerðar nr. 1150/2018. Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi, uppfærðan þjónustusamning og felur bæjarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Garðabæjar.

Lagðar fram til síðari umræðu reglur um innritun og útskrift nemenda úr Þorláksskóla á grundvelli 20.gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

Bæjarráð samþykkir við síðari umræðu og afgreiðslu reglur um innritun og útskrift nemenda úr Þorláksskóla. Afgreiðsla bæjarráðs er á grundvelli heimildar 5.mgr. 35.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

9. 2605382 - Útboð á frístundaakstri í Garðabæ 2026-2030.

Eftirfarandi tilboð samkvæmt tilboðsskrá bærust í útboðsverkið: "Útboð á frístundaakstri í Garðabæ 2026-2030":

1. Hópbílar ehf., kr. 257.904.000 (119,4%)

2. Hópferðamiðstöðin ehf./TREX, kr. 195.609.600 (90,56%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 216.000.000. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Hópferðamiðstöðvarinnar ehf./TREX, að fjárhæð kr. 195.609.600 (90,56%).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra fræðslu- og frísundasviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 10 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

10. 2607147 - Hönnun - Forval - Hjúkrunarheimili í Vetrarmýri.

Á grundvelli samkomulags Garðabæjar og Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins hefur Garðabær milligöngu um forval og útboð vegna hönnunar, uppbyggingar og útleigu á húsnæði fyrir þjónustumiðstöð og hjúkrunarheimili í Vetrarmýri. Leitað er að aðilum til að hanna, byggja og eiga húsnæðið og leigja það til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins.

Lögð fram forvalsgögn vegna uppbyggingar og útleigu hjúkrunarheimilis í Vetrarmýri. Í forvalsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þær reglur sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Jafnframt eru settar fram kröfur um hæfi sem bjóðendum ber að uppfylla samkvæmt nánari skilgreiningu í forvalsgögnum. Forvalsgögnin eru unnin í samvinnu Garðabæjar og Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi forvalsskilmála og felur umhverfissviði umsjón með framkvæmd forvalsins.

11. 2606050 - Hönnun Útboð - Skógarhverfi Fráveita áfangi 2.

Eftirfarandi tilboð samkvæmt tilboðsskrá bárust í útboðsverkið: "Skógarhverfi 2. áfangi. Veitulagnir og frágangur":

1. Sjótækni ehf., kr. 86.928.750 (71,80%).
2. Fagurverk ehf., kr. 72.330.500 (59,74%).
3. Alson ehf., kr. 132.409.000 (109,36%).
4. Stjörnugarðar ehf., kr. 76.326.000 (63,04%).
5. Gleipnir verktakar, kr. 128.000.000 (105,72%).
6. PK verk ehf. kr. 110.271.500 (91,07%).
7. D-Ing verk ehf. kr. 86.418.660 (71,37%).
8. Karína ehf., kr. 88.298.000 (72,93%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 121.077.800. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Fagurverks, að fjárhæð kr. 72.330.500 (59,74% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

12. 2404323 - Hönnun - Útboð - Arnarnes Endurnýjun fráveitulagna.

Eftirfarandi tilboð samkvæmt tilboðsskrá bárust í útboðsverkið: "Arnarnes - Jarðvinna, lagnir og frágangur":

1. Fagurverk kr. 29.610.000 (61%).
2. Dráttarbílar Vélaleiga ehf., kr. 32.159.240 (66%).
3. Stjörnugarðar ehf., kr. 44.652.000 (92%).
4. Berg verktakar, kr. 51.659.000 (106%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 48.714.000. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Fagurverk, að fjárhæð kr. 29.610.000 (61% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

13. 2604558 - Opnun tilboða í verkið - Ásgarður vallarlýsing.

Eftirfarandi tilboð samkvæmt tilboðsskrá bárust í útboðsverkið: "Ásgarður, nýr knattspyrnuvöllur: Vallarlýsing":

1. Vallarverk ehf., kr. 58.563.000 (82,42%).
2. Metatron ehf., kr. 59.653.920 (83,95%).

3. Altís ehf., kr. 68.970.000 (97,06%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 71.057.500. Við yfirferð tilboða kom í ljós að lægstbjóðandi, Vallarverk ehf., fullnægði ekki skilmálum útboðsins. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði næstlægstbjóðanda Metatron ehf., að fjárhæð 59.653.920 (83,95% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

14. 2605435 - Kosning varamanns og tilnefning varaáheyrnarfulltrúa í yfirkjörstjórn Garðabæjar.

Bæjarráð kýs Ásdísi Magnúsdóttur sem varamann í yfirkjörstjórn Garðabæjar.

Bæjarráð samþykkir tilnefningu á Silju Stefánsdóttur og Ingu Amal Hasan sem varaáheyrnarfulltrúa í yfirkjörstjórn Garðabæjar.

Afgreiðsla bæjarráðs er á grundvelli heimildar 5.mgr. 35.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 11. ágúst 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Stella Stefánsdóttir, (sign)

Birkir Guðlaugsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Kjartan Atli Kjartansson, (sign)

Anna Margrét Steingrímsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
27. (2222). fundur 2026

Priðjudaginn 18. ágúst 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2502253 - Vorbraut 8 - 12 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ÞG Hnoðraholti ehf., kt. 66012-0470, heimild fyrir stækkun á geymslurými í kjallara fjölbýlishúss að Vorbraut 8.

2. 2607298 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Borgarás 10 - Umsókn um byggingarheimild.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 13. ágúst 2026 varðandi umsókn um byggingarheimild fyrir breytingar á íbúðarhúsinu að Borgarási 10 sem gerir ráð fyrir útitröppum við norðvesturgafli hússins. Skipulagsnefnd mat umsóknina sem óverulega breyting deiliskipulags Hraunsholts vestra (Ásar) sem gerir ráð fyrir stækkuðum byggingarreit sem nemur flatarmáli útitröppu. Þar sem að deiliskipulagsuppráttur Hraunsholts vestra sýnir útlínur húsa að Borgarási 10 og 12 lýtur nefndin svo á að um ígildi byggingarreits sé að ræða. Útbúa skal breytingarupprátt deiliskipulags sem sýnir stækkaðan byggingarreit sem nemur útlínunum hússins til norðvestur auk útitröppu eins og umsóknarupprættir sýna. Skipulagsnefnd vísaði umsókninni til grenndarkynningar sem óverulegri deiliskipulagsbreytingu í samræmi við 2.mgr, 43.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga.

3. 2608092 - Beiðni um umsögn um geymslustað ökutækja fyrir KNTO ehf. Kaupþúni 6.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að KNTO ehf., kt. 480726-0300, Kaupþúni 6, Garðabæ, verði veitt starfsleyfi til að starfrækja útibú ökutækjaleigu að Kaupþúni 6 með allt að 40 bifreiðum, en um er að ræða starfsemi á vegum Toyota á Íslandi.

4. 2507256 - Tillaga að gjaldskrá matjurtagarða í ársútleigu 2026-2027.

Bæjarráð samþykkir tillögu garðyrkjustjóra að gjaldskrá fyrir matjurtagarða í ársútleigu 2026-2027. Leiga fyrir ársútleigu frá 20. september 2026 til 15. september 2027 verði kr. 11.000 pr. kassa.

5. 2608149 - Gjaldskrá fyrir frístundabíl Garðabæjar.

Tillaga um gjaldskrá fyrir frístundabíl fyrir haustönn 2026 lögð fram.

Lagt er til að gjaldskráin verði óbreytt út árið og verði kr. 9.900.

Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

6. 2506155 - 50 ára afmæli Garðabæjar 2026.

Sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs gerði grein fyrir dagskrá í tilefni að 50 ára kaupstaðarafmæli Garðabæjar.

Afmælishátíð verður haldin laugardaginn 29. ágúst 2026 á Garðatorgi.

7. 2606129 - Tillaga umhverfisnefndar varðandi viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi.

Bæjarráð samþykkir tillögu umhverfisnefndar um viðurkenningar fyrir snyrtilegt umhverfi árið 2026.

Fyrirhugað er að veita aðilum viðurkenningar við athöfn í Sveinatungu þriðjudaginn 25. ágúst nk. kl. 17:00.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 18. ágúst 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Stella Stefánsdóttir, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Kjartan Atli Kjartansson, (sign)

Hlynur Elías Bæringsson, (sign)

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar

1. fundur 2026

Miðvikudaginn 24. júní 2026 kl. 16:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Birkir Guðlaugsson formaður, Lára Sif Christiansen aðalmaður, Sigrún Antonsdóttir aðalmaður, Dúi Þór Jónsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Bókun í upphafi fundar: Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar óskar kylfingnum Gunnlaugi Árna Sveinssyni innilega til hamingju með árangurinn og jafnframt með að hafa skrifað nýjan kafla í íslenska golf- og íþróttasögu. Hlakkar ráðið til að fylgjast með Gunnlaugi í komandi verkefnum og á næstu árum.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2606500 - Reglugerð um ÍTG og starfsáætlun 2026 til 2027

Samþykkt að fela Fræðslu- og frístundasviði ásamt formanni ÍTG að yfirfara reglugerð um ÍTG með það að markmiði að leggja fram ný drög til umfjöllunar í haust.

Drög að starfsáætlun ÍTG 2026 til 2027 var lögð fram og farið yfir væntanlega fundartíma og föst verkefni. Ákveðið að skoða fundardaga í samráði við aðrar nefndir.

2. 2606317 - Reglur um stuðning við afreksungmenni í íþróttum í sumarstörfum hjá Garðabæ

Reglur um stuðning við afreksungmenni í íþróttum í sumarstörfum hjá Garðabæ kynntar. ÍTG leggur áherslu á að kynna þetta vel fyrir félögum þjálfurum og ungmennum.

3. 2606179 - Samningur um viðtalstíma Bergið í Torginu ungmennahúsi

Drög að samstarfssamningi við Bergið headspace lögð fram til kynningar. Stefnt er að þremur viðtalstímum á viku næsta skólaár með aðstöðu í Torginu Ungmennahúsi að Garðatorgi 1. Viðtalstímar eru í boði fyrir börn og ungmenni frá 12 til 25 ára.

4. 2605382 - Útboð á frístundaakstri 2026-2030

Útboðsferli á akstri frístundabíls í Garðabæ frá hausti 2026 til loka skólaárs 2030 stendur yfir. Lögð voru fram útboðsgögn til kynningar ásamt drögum að akstursáætlun bílsins.

5. 2604231 - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Þorsteins Óla Guðnasonar vegna NM í hóp fimleikum 16. apríl 2026.

6. 2605229 - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Þórönnu Sveinsdóttur vegna Smáþjóðaleika í áhaldafimleikum í Andorra í maí 2025.

Úthlutun fylgir reglum ársins 2025.

7. 2605228 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Þórönnu Sveinsdóttur vegna NEM í Andorra í október 2025.

Úthlutun fylgir reglum ársins 2025.

8. 2605107 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Mateusz Marek Markowski vegna NM í hópímleikum í Noregi 16.-19. apríl 2026.

9. 2605106 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Michal Wojciech Markowski vegna NM í hópímleikum í Noregi 16.-19. apríl 2026.

10. 2605078 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Halldóru Írisar Ingvarsdóttur vegna WSRC2025 í Keilu í Nevada 12.10.2025-24.10.2025.

Upphæð úthlutunar fylgir reglum ársins 2025.

11. 2605063 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Einars Breka Olsen vegna æfingaferðar U16 HSÍ til Færeyja 5. júní 2026.

12. 2605390 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Heiðars Leó Sölvasonar vegna Unglingalandsliðs Íslands í borðtennis á Mega Cup í Osló 12. júní 2026.

13. 2605389 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Heiðars Leó Sölvasonar vegna Norður-Evrópumóts unglínga í borðtennis í Eistlandi 25. júní 2026

14. 2606032 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Friðbjörns Braga Hlynssonar vegna HM í kraftlyftingum með landsliði Kraft í Druskininkai í Litháen 13. júní 2026.

15. 2606056 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Karls Þórs Jóhannssonar vegna Norðurlandamóts félagsliða unglínga í fimleikum í Sóla, Noregi, 16. apríl 2026

16. 2606372 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Matthíasar Dags Þorsteinssonar vegna EM U18 í handbolta í Serbíu 26. júlí til 11. ágúst 2026.

17. 2606254 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Daníels Geirs Snorrasonar vegna NM U18 í körfubolta í Svíþjóð 22. júní 2026.

Norðurlanda- og Evrópumót yngri landsliða í körfubolta.

18. 2606196 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Andra Árnasonar vegna æfingaferðar HSÍ til Færeyja U15 í handbolta 5.-8. júní 2026.

19. 2606192 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Kára Björns Guðjónssonar vegna æfingaferðar HSÍ með U15 í Færeyjum 5.-8. júní 2026

20. 2606189 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr.50.000 til Fannars Breka Vilhjálmssonar vegna æfingaferðar HSÍ til Færeyja með U15 5. til 8. júní 2026.

21. 2606080 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr.50.000 til Emblu Daggar Hannesdóttur vegna Special Olympics í Roskilde, Danmörku 28. maí til 1. júní 2026.

22. 2606478 - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 50.000 til Sigrúnar Sólar Brjánsdóttur kr. 50.000 vegna NM U18 liðs KKÍ Stokkhólmi 24. júní 2026.

23. 2606601 - Ferðastyrkur vegna keppnisferðar Stjarnan Öspin

ÍTG samþykkir ferðastyrk vegna þátttöku tveggja íþróttamanna með fötlun á mót á vegum Fótbolta fyrir alla innan Stjarnan/Öspin og KSÍ sem fram fer í Houston í Bandaríkjunum í lok júlí 2026, The Genuine Cup.

Keppendur frá Garðabæ eru:

Embla Dögg Hannesdóttir og Hákon Fannar Hákonarson

Styrkurinn kr. 50.000 verður afgreiddur að fenginni persónulegri umsókn frá hvoru þeirra.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar

1. fundur 2026

Fimmtudaginn 25. júní 2026 kl. 08:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Páll Árnason aðalmaður, Eydís Sigurðardóttir aðalmaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Rósanna Andrésdóttir aðalmaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs og Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2605110 - Störf leikskólanefndar 2022-2026 - samantekt

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Í framhaldi fór hann yfir starfshætti nefnda Garðabæjar, hlutverk þeirra, réttindi og skyldur nefndarmanna. Jafnframt gerði hann grein fyrir sögu leikskólastarfs í Garðabæ, hlutverki leikskólanefndar og stöðu hennar innan stjórnskipunar bæjarins. Fram kom í máli formanns að nefndin á rætur að rekja til ársins 1962, þegar æskulýðs- og leikvallanefnd Garðahrepps var stofnuð.

Leikskólafulltrúi fór því næst yfir helstu verkefni leikskólanefndar og gerði grein fyrir störfum hennar á liðnu kjörtímabili. Sérstaklega var fjallað um þær umbætur sem ráðist hefur verið í á starfsumhverfi og starfsemi leikskóla í Garðabæ. Sautján leikskólar eru starfandi í bænum og fyrirséð er að þeim muni fjölga samhliða áframhaldandi uppbyggingu nýrra hverfa.

Leikskólafulltrúi gerði einnig grein fyrir stöðu innritunar. Öllum börnum sem fædd eru í október 2025 eða fyrr hefur verið boðin leikskólavist og innritun gengur vel. Í maí 2026 eru 1.490 börn í leikskólum Garðabæjar.

2. 2606540 - Starfsáætlun leikskólanefndar 2026-2027

Lögð var fram tillaga að starfsáætlun leikskólanefndar fyrir starfsárið 2026-2027. Tillagan var samþykkt með hefðbundnum fyrirvara.

Samkvæmt starfsáætluninni er gert ráð fyrir að nefndin fundi að jafnaði annan miðvikudag hvers mánaðar kl. 8:00.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar

2. fundur 2026

Miðvikudaginn 12. ágúst 2026 kl. 08:00 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Eydís Sigurðardóttir aðalmaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Rósanna Andrésdóttir aðalmaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi og Jóhanna Gunnarsdóttir fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2301120 - Lykiltölur í skólamálum

Lagt var fram minnisblað um stöðu innritunar í leikskóla í Garðabæ haustið 2026. Fram kom að öllum börnum fæddum í október 2025 og fyrr hafi verið boðin leikskólavist og að 20 börn í þeim aldurshópi séu nú á biðlista, vegna umsókna sem borist hafa undanfarnar vikur eftir að innritun lauk í vor. Þá var gerð grein fyrir áætluðum fjölda barna í leikskólum bæjarins í október 2026 og stöðu mönnunar. Leikskólanefnd fagnar góðri stöðu innritunar og leggur áherslu á að áfram verði fylgst vel með þróun innritunar og mönnunar með það að markmiði að tryggja góða leikskólaþjónustu í Garðabæ.

2. 2608109 - Verklag um eftirlit með sjálfstætt starfandi leikskólum -drög

Lögð voru fram drög að verklagsreglum um eftirlit Garðabæjar með sjálfstætt starfandi leikskólum. Leikskólanefnd fagnar fjölbreyttu leikskólastarfi í bænum og leggur áherslu á að skýrt og gagnsætt verklag styðji við samræmt og málefnalegt eftirlit með gæðum, öryggi og starfsemi leikskóla. Góðar og gagnlegar umræður fóru fram, meðal annars um að formfesta einnig verklag um eftirlit með bæði bæjarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum. Leikskólafulltrúa var falið að vinna úr ábendingum nefndarmanna og leggja málið að nýju fyrir nefndina.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
10. fundur 2026

Fimmtudaginn 13. ágúst 2026 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Ásgeir Sigurður Ágústsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Agla Eir Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Einar Þór Einarsson aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Atli Kjartansson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2607298 - Borgarás 10 - Umsókn um byggingarheimild - Fl. 1

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarheimild fyrir breytingar á íbúðarhúsinu að Borgarási 10 sem gerir ráð fyrir útitröppum við norðvesturgafli hússins. Skipulagsnefnd metur umsóknina sem óverulega breyting deiliskipulags Hraunsholts vestra (Ásar) sem gerir ráð fyrir stækkuðum byggingarreit sem nemur flatarmáli útitröppu. Þar sem að deiliskipulagsuppdráttur Hraunsholts vestra sýnir útlínur húsa að Borgarási 10 og 12 lýtur nefndin svo á að um ígildi byggingarreits sé að ræða. Útbúa skal breytingaruppdrátt deiliskipulags sem sýnir stækkaðan byggingarreit sem nemur útlínunum hússins til norðvestur auk útitröppu eins og umsóknaruppdrættir sýna.

Skipulagsnefnd vísar umsókninni til grenndarkynningar sem óverulegri deiliskipulagsbreytingu í samræmi við 2.mgr, 43.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum og íbúum að Borgarási 4,6,8 og 12 og Melási 7,9 og 11.

2. 2605411 - Teistunes 1 - Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Arnarness að lokinni grenndarkynningu. 4 erindi með athugasemdum hafa borist. Tillögu og athugasemdum vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði. Skipulagsnefnd óskar eftir því að ítarlegri gögn verði send þeim sem grenndarkynning nær til þannig að viðkomandi aðilar geti betur áttað sig á umfangi tillögunnar. Veita skal 4 vikna frest til athugasemda frá því að gögn berast.

3. 2405208 - Spilda A úr landi Grundar - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir breytingum á byggingum og starfsemi í útihúsum á Spildu A í landi Grundar við austanverða Breiðabólstaðatjörn að lokinni grenndarkynningu. 5 erindi með athugasemdum hafa borist og þau lögð fram. Uppdráttum og athugasemdum vísað til umhverfissviðs til úrvinnslu.

4. 2608047 - Örnámskeið - Skipulagsnefnd

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir skipulagsfræðingur M.Sc. hjá Eflu kynnti nefndarmönnum samantekt um viðfangsefni skipulagsnefnda sem samanstanda m.a. af mótun skipulagstillagna,

skipulagsferli, umhverfismati áætlana og öðrum áskorunum.

5. 2607023F - Afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 12

5.1 2505198 - Móaflöt 12 - Umsókn um byggingaráform - Fl. 1

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi á breytingum á einbýlishúsinu að Móaflöt 12. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

5.2 2607241 - Vetrarbraut 19, dsk breyting stærð lóðar

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 12

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar sem gerir ráð fyrir því að lóðin Vetrarbraut 19 minnki úr 5.641 m² í 3.955 sem nemur svæði innan lóðar þar sem gert er ráð fyrir settjörn fyrir ofanvatn. Um leið hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar úr 2,5 í 3,6 þar sem heimilað byggingarmagn lóðarinnar er það sama og fyrir breytingu.

Einnig gerir breytingartillagan ráð fyrir því að rampur fyrir bílakjallara verði bæði á lóðinni annarsvegar Vetrarbraut 17 og Vetrarbraut 19 hinsvegar en ekki sameiginlegur rampur eins og skipulagið gerir ráð fyrir.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Í samræmi við 2.ml.3.mgr.44.gr.sömu laga er grenndarkynning felld niður þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en Garðabæjar.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

6. 2607014F - Afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 11

6.1 2604571 - Steinprýði 6 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11

Lagðir fram aðaluppdrættir að einbýlishúsi að Steinprýði 6 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Hluti byggingar nær lítilsháttar út fyrir byggingarreit en að öðru leyti samræmast uppdrættir ákvæðum deiliskipulags Garðahrauns. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar, hvað ofangreint atriði varðar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

7. 2607007F - Afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 10

7.1 2510434 - Nýtt aðalskipulag Hafnarfjarðar 2025-2040, nr. 1446/2025 -Lýsing

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10

Lögð fram tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar sem mun gilda fyrir

tímabilið 2025-2040.

Gerð er athugasemd við að brautin sem tengir saman mislæg gatnamót Kaldársselsvegar við "Ofanbyggðaveg" og mislæg gatnamót við Reykjanesbraut sé ekki skilgreind sem stofnbraut eins og aðalskipulag Hafnarfjarðar sem gildi fyrir tímabilið 2005-2025 gerði ráð fyrir við samþykkt þess.

Einnig er gerð athugasemd við að aðalskipulagstillagan geri ráð fyrir jarðgöngum Reykjanesbrautar um Setbergshamar sem gildandi Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 gerir ekki ráð fyrir. Þegar tillögur um útfærslu endurbóta á stofnbrautakerfi á sveitarfélagamörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar liggja fyrir verður hægt að vinna að tillögum að breytingum á aðalskipulagsáætlunum beggja sveitarfélaga. Garðabær leggur áherslu á mikilvægi góðrar samvinnu og samráðs sveitarfélaganna og að í aðalskipulaginu verði skýrt kveðið á um að virkt og tímanlegt samráð milli nágrannasveitarfélaga verði í fyrirrúmi vegna fyrirhugaðrar skipulagsvinnu eða framkvæmda sem gæta áhrifa á sveitarfélagamörkum. Mikilvægt er að samræma lausnir og tryggja að ákvarðanir stuðli að skilvirkni, góðri nýtingu lands og innviða og þjónustustigi íbúa beggja sveitarfélaga.

7.2 2606363 - Garðprýði 6 - Umsókn um byggingar-leyfi - Fl. 2

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10

Lögð fram tillaga að einbýlishúsi á lóðinni Garðprýði 6 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Bygging fer lítilega út fyrir byggingarreit á 4 stöðum og ekki er að öllu leyti tekið tillit til hraunmyndanar sem skilgreind er á deiliskipulagsuppdraetti hvað staðsetningu bílastæða varðar. Um er að ræða lága laut í hrauni.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Garðahrauns í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum og íbúum að Garðprýði 1, 3, 4 og 8. Ef þeir sem grenndarkynning nær til staðfesta með undirritun sinni á uppdraetti að þeir geri ekki athugasemd við tillöguna er unnt að stytta frest til að skila inn athugasemdum.

8. 2606050F - Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

8.1 2606006 - Landakot - Stöðuleyfi gámur - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram fyrirspurn um heimild fyrir 20 ft gám á lóð í samræmi við framlögð gögn. Tilgangur stöðuleyfis er tímabundin geymsla á verkfærum, byggingarefni og búslóð á lóð vegna tiltektar og almenns viðhalds á eigninni. Gámurinn verður fjarlægður að verki loknu. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi veiti stöðuleyfi til 12 mánaða.

8.2 2601086 - Kjarrprýði 1 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lagðir fram uppdraettir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsið Kjarrprýði 1. Hámarkshæð húss fer lítilega upp fyrir leyfilega hámarkshæð og hefur hönnuður gert grein fyrir ástæðum þess. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd að við

veitingu byggingarleyfis verði vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2020 sbr. 3. mgr. sömu greinar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

- 8.3 2606363 - Garðprýði 6 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 2

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lagðir fram uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi vegna einbýlis við Garðprýði 6. Skipulagsstjóri vísar til umsagnar hjá skipulagshöfundi.

- 8.4 2605452 - Steinprýði 8 - Umsókn um byggingarleyfi - Flokkur 2

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lagðir fram uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdætti.

- 8.5 2606139 - Melás 8 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 2

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda sem gerir ráð fyrir byggingarreit þar sem nú er einnar hæðar sólskáli við Melás 8. Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi 44. gr. sömu laga. Í samræmi við 3. mgr. sömu greinar er tímabil grenndarkynningar stýtt þar sem þeir sem grenndarkynningin nær til hafa lýst yfir með undirskrift sinni að þeir gera ekki athugasemdir. Breytingin skoðast því samþykkt. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast í viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

- 8.6 2606315 - Melás 9 - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram fyrirspurn um byggingu tveggja smáhýsa við Melás 9 og 11, 15 m² hvort. Fjarlægð milli smáhýsis við Melás 11 frá glugga er minni en 3 m, líkt og grein 9.7.6 í byggingarreglugerð kveður á um. Skipulagsstjóri getur því ekki fallist á smáhýsi á þessum stað við Melás 11. Smáhýsið við Melás 9 rúmast aftur á móti innan marka byggingarreglugerðar.

- 8.7 2606634 - Haukanes 25 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram fyrirspurn um vegg á lóðarmörkum við Haukanes 25. Skipulagsstjóri bendir á að skv. deiliskipulagi Arnarness er hámarkshæð veggja og girðinga sem snúa að opnum svæðum og göngustígum 1,5 m. Miðað er við hæð á lóðarmörkum.

Skipulagsstjóri bendir jafnframt lóðarhafa á að ef girðing eða veggur er hærri en ákvæði deiliskipulags kveða á um skal færa girðingu inn á lóð sem um nemur mismun frá leyfilegri hæð og raunhæð veggjar.

8.8 2606355 - Smáraflöt 24 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram fyrirspurn um að breyta yfirbyggðu bílskýli í lokaðan bílskúr við Smáraflöt 24. Skipulagsstjóri bendir á að eftirfarandi fyrirspurn er ekki í samræmi við deiliskipulag Flata hvað varðar lengd á brunagafli bílskúrs og einnig segir í ákvæðum deiliskipulags að bílgeymsla skuli byggð í framhaldi af bílastæðum á deiliskipulagsupprætti. Á deiliskipulagsupprætti eru bílastæðin 7 m en fyrirspurn felur í sér að bílastæðin verði aðeins 5 m. Eftirfarandi fyrirspurn kallar því á breytingu deiliskipulags Flata.

8.9 2606198 - Iðnbúð 3 - Umsókn um byggingarleyfi - Flokkur 2

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lagðir fram upprættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi vegna viðbyggingar við Iðnbúð 3. Viðbygging nær út fyrir uppgesinn byggingarreit í deiliskipulagi Búða og kallar framkvæmd því á breytingu á deiliskipulagi Búða.

8.10 2606044 - Bæjargil 3 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 1

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram fyrirspurn vegna bílskúrs við Bæjargil 3. Skipulagsstjóri vísar umsókn til umsagnar hjá skipulagshöfundi.

8.11 2601487 - Suðurhraun 10 - Deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Molduhrauns sem nær til lóðanna Molduhrauns 6 og 10 að lokinni auglýsingu, engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

8.12 2502253 - Vorbraut 8 - 12 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lagðir fram uppfærðir aðalupprættir við Vorbraut 8-12 breytingin felur í sér stækkun á geymslurýmum. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við framlagða upprætti.

8.13 2606212 - Keldugata 13 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lögð fram fyrirspurn um lóðarfrágang við Keldugötu 13.

Skipulagsstjóri bendir á að skv. deiliskipulagi skal girðing á lóðarmörkum við húsagötu ekki vera hærrí en 90 cm. Einnig skal girðing hafa 50% gegnsæi.

Varðandi steipt bílaplan vantar lóðaruppdrátt með vatnshalla sem sýnir fram á blágrænar regnvatnslausnir innan lóðar.

8.14 2606258 - Víkurgata 29 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 2

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9

Lagðir fram uppdættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi vegna geymslu við Víkurgötu 29. Þar sem geymsla er út fyrir byggingarreit kallar umsókn á breytingu deiliskipulags Urriðaholts 1.áfangi vesturhluti.

9. 2608004F - Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

9.1 2608066 - Framkvæmdarleyfi - Arnarnesvegur einhalla hraðahindrun

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram umsókn um framkvæmdarleyfi vegna framkvæmda á Arnarnesvegi vegna einhalla hraðahindrunar á göngubraut yfir Arnarnesveg. Skipulagsstjóri samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis sem er í samræmi við framlögð gögn í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
1. fundur 2026

Miðvikudaginn 24. júní 2026 kl. 08:30 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Guðjón Þór Þorsteinsson aðalmaður, Rakel Margrét Viggósdóttir aðalmaður, Finnur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Anna Margrét Steingrímsdóttir áheyrnarfulltrúi, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Ragnheiður Stephensen varamaður kennara, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2606468 - Verkefni skólanefndar

Formaður skólanefndar og sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs gerðu grein fyrir hlutverki og helstu verkefnum skólanefndar.

Farið var yfir ábyrgð nefndarinnar, hlutverk hennar og eftirliti með skólastarfi.

2. 2604375 - Störf skólanefndar 2025-2026 - samantekt

Grunnskólafulltrúi kynnti helstu dagskrárliði skólanefndar á liðnu kjörtímabili og megináherslur í starfi nefndarinnar. Jafnframt var gerð grein fyrir þeim málum sem vísað var til fræðslu- og frístundasviðs til frekari vinnslu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
2 (26-30). fundur 2026

Þriðjudaginn 14. júlí 2026 kl. 16:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Garðabæ.

Fundinn sátu: Jón Þór Eggertsson formaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Ingibjörg Loftsdóttir aðalmaður, Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Anna Gréta Hafsteinsdóttir aðalmaður og Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2606129 - Snyrtilegt umhverfi 2026

Umhverfisnefnd fór í vettvangsferð um Garðabæ og skoðaði lóðir og svæði vegna vals á snyrtilegu umhverfi árið 2026. Nefndin fór yfir þau svæði og lóðir sem komu til skoðunar og lagði mat á snyrtimennsku, frágang og heildaryfirbragð. Nefndin komst að niðurstöðu um val á snyrtilegu umhverfi árið 2026 og mun leggja fram tillögur til samþykktar hjá bæjarráði.

Gestir

Smári Guðmundsson, garðyrkjustjóri -

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Velferðarráð Garðabæjar
1. fundur 2026

Föstudaginn 19. júní 2026 kl. 08:15 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Anna Ragnheiður Möller formaður, Ýmir Örn Finnbogason aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Joanna Marcinkowska áheyrnarfulltrúi, Vilborg Anna S. Garðarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sturla D Þorsteinsson varamaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Snædís Björnsdóttir lögfræðingur, Anna Eygló Karlsdóttir deildarstjóri, Pála Marie Einarsdóttir deildarstjóri, Guðrún Willardsdóttir félagsráðgjafi og Guðrún Jónsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2606398 - Verkefni Velferðarsviðs og Velferðarráðs Garðabæjar

Kynning sviðsstjóra fyrir aðal- og varamönnum og áheyrnarfulltrúum nýskipaðs velferðarráðs Garðabæjar. Farið yfir málaflokka velferðarsviðs, helstu verkefni sviðsins ásamt verkefnum, ábyrgð og heimildum velferðarráðs til ákvarðanatöku. Fundinn sátu einnig deildar- og verkefnastjórar innan velferðarsviðs og kynntu fyrir ráðsmönnum helstu verkefni hvers málaflokks.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Tillaga um árlega bæjarhátíð í Garðabæ

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að undirbúin verði árleg bæjarhátíð í Garðabæ. Leitað verði til íbúa við mótun hátíðarinnar, meðal annars um þema og útfærslu hennar.

Greinargerð

Garðabær er ört stækkandi bæjarfélag með þrjá byggðarkjarna; Garðabæ, Urriðaholt og Álfanes. Með vexti samfélagsins er mikilvægt að huga að bæjarbrag og skapa vettvang sem sameinar íbúa og styrkir sameiginlega tilfinningu fyrir samfélaginu.

Því er lagt til að haldin verði árleg bæjarhátíð í Garðabæ. Slík hátíð er til þess fallin að styrkja tengsl íbúa með því að skapa sameiginlegan vettvang til skemmtunar, samveru og gleði.

Undanfarin misseri hefur afmælisnefnd Garðabæjar skipulagt fjölda viðburða í tilefni af 50 ára afmæli bæjarins. Hápunktur afmælisársins verður 29. ágúst þegar afmælishátíð Garðabæjar verður haldin. Nefndin hefur með þessu unnið mikilvæga grunnvinnu og skapað reynslu og þekkingu sem hægt væri að byggja á við undirbúning árlegrar bæjarhátíðar. Einnig væri vert að líta til Jazzþorpsins í Garðabæ, sem er gott dæmi um vel heppnaðan árlegan viðburð sem hefur skapað sér sterka sérstöðu og laðar íbúa saman í kringum tónlist og menningu. Sú árlega bæjarhátíð sem hér er lagt til að verða sett á laggirnar, væri öðruvísi í sniðum og væri markmiðið að báðir þessir árlegu viðburðir næðu að þrífast og dafna.

Lagt er til að leitað verði til íbúa við mótun bæjarhátíðarinnar, meðal annars þegar kemur að þema, innihaldi og útfærslu hennar. Með því verði tryggt að hátíðin endurspegli vilja og hugmyndir íbúa og verði þannig sameiginlegt verkefni samfélagsins. Þetta er jafnframt í samræmi við þá aðferð sem afmælisnefnd Garðabæjar hefur beitt við skipulagningu afmælishátíðarinnar.

Markmiðið er að skapa árlega hefð sem sameinar íbúa ólíkra byggðarkjarna, styrkir bæjarbraginn og eflir samfélagsanda í Garðabæ.

Kjartan Atli Kjartansson
Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Hlynur Bæringsson

Tillaga minnihlutans um hækkun hvatapeninga og undirbúning systkinaafsláttar

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að gert verði ráð fyrir hækkun hvatapeninga barna í 80 þúsund krónur í fjárhagsáætlun ársins 2027.

Einnig felur bæjarstjórn fræðslu- og frístundasviði að hefja undirbúning að því að hægt verði að veita systkinaafslátt í gegnum hvatapeningakerfið, m.ö.o. aukinn hvatapening fyrir barnmargar fjölskyldur.

Greinargerð

Þátttaka í skipulögðu íþróttu-, tómstunda- og æskulýðsstarfi hefur, ásamt því að vera mikilvægur vettvangur fyrir félagslegan þroska barna og heilsu, gríðarlegt forvarnargildi. Því er samfélagslega mikilvægt að allar fjölskyldur geti boðið börnum sínum upp á að stunda slíkt starf, óháð efnahag. Fjárhagslegt aðgengi að íþróttum og tómstundum er sérstaklega aðkallandi vegna þrengri fjárhagsstöðu heimila.

Garðabær hefur fjárfest milljörðum í aðstöðu til íþróttu- og æskulýðsstarfs auk tónlistarnáms og ber töluverðan kostnað af rekstri þeirra mannvirkja á ári hverju. Öll börn eiga að geta notið þeirra gæða sem við höfum byggt upp saman.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, bæjarfulltrúi Garðabæjarlistans
Kjartan Atli Kjartansson, bæjarfulltrúi Samfylkingar
Hlynur Bæringsson, bæjarfulltrúi Framsóknar